

Áfangaskýrsla

Starfshóps um málefni grunn-og leikskóla

10/16/2013

Sveitarfélagið Skagaströnd

Starfshópur um málefni grunn-og leikskóla á Skagaströnd

Áfangaskýrsla dags. 16. október 2013.

Hlutverk starfshópsins

Á fundi Sveitarstjórnar Skagastrandar 20. júní 2013 var eftirfarandi bókun samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir að setja á starfshóp um málefni grunn-og leikskóla. Verkefni hópsins er að meta stöðu skólanna faglega, aðbúnaðar-og rekstrarlega auk þess að taka til skoðunar hagkvæmni þess að sameina skólanna. Leitað verður ráðgjafar og aðstoðar frá aðilum sem veita þjónustu á sviði þessara málaflokka. Starfshópurinn skipa Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir. Sveitarstjóri er starfsmaður hópsins. Starfshópnum er ætlað að skila áfangaskýrslu til sveitarstjórnar fyrir 15. október 2013. Skólastjórar grunn-og leikskóla, fræðslustjóri, formaður skólanefndar auk formanna foreldrafélaga skólanna skipa samráðshóp vegna verkefnisins.

Starf starfshópsins

Starfshópurinn hefur haldið tvo formlega fundi auk þess sem að nefndarmenn hafa aflað upplýsinga með samtölum við aðila sem tengjast málaflökknum. Guðjón Ólafsson fræðslustjóri hefur settið fundi nefndarinnar, Birna Sveinsdóttir formaður skólanefndar, Hildur Ingólfsdóttir skólastjóri grunnskólans og Þórunn Bernódusdóttir skólastjóri leikskólans mættu á fund nefndarinnar 30. sept. s.l.

Starfshópurinn tók ákvörðun um að skilgreinda hlutverk nefndarinnar með þeim hætti að leggja fram samantekt um:

- a. Faglegt mat á starfi grunn-og leikskóla.
- b. Mat á aðbúnaði skólanna með tilliti til þarfa þeirra og samanburðar við hliðstæðar stofnanir.
- c. Rekstrarlegt mat á skólunum.
- d. Mat á kostum þess og göllum að sameina grunn-og leikskóla.

Faglegt mat á starfi grunn-og leikskóla

Rætt hefur verið um faglega og menntunarlega stöðu beggja skólastiga. Fyrir liggur að það ber að gera innra og ytra mat á skólastarfi. Nú þegar hefur fengist samþykki fyrir ytra mati á grunnskólanum sem Námsmatsstofnun hefur umsjón með, fer það fram á árinu 2014. Sveitarstjóra og fræðslustjóra var falið að sækja um ytra mat leikskólans þegar opnað verður fyrir umsóknir um það. Á fundum starfshópsins hefur komið fram að ekki hefur tekist að koma á formlegu innra matskerfi í leikskólanum. Hins vegar sé lagt óformlegt mat á marga þætti skólastarfsins m.a. með foreldrarviðtölum. Í grunnskólanum er starfandi sjálfsmatsteymi sem styðst m.a. við Skólalapsinn. Olveusaráætlun er hluti af matinu ásamt fleiri atriðum. Það er mat starfshópsins að bæta megi og styrkja innra mat skólanna þannig að

niðurstöður geti nýst sem raunverulegt stjórnæki. Jafnframt telur nefndin að rétt sé að koma á þeirri vinnureglu að allar matsniðurstöður berist sveitarstjórn til upplýsinga. Starfshópurinn telur rétt að leggja mat á hvort Skólapúls og Skólavog geti nýst betur sem matstæki við skólana í framtíðinni.

Mat á aðbúnaði skólanna

Skólastjórar hafa lagt fram vel unnar samantektir um aðbúnað skólanna og hvar helst þurfi að bæta úr á næstu árum. Það er mat starfshópsins að þar sé að finna gott veganesti við forgangsröðun verkefna fyrir sveitarstjórn til næstu ára. Samantektir þessar eru fylgigögn þessarar skýrslu.

Rekstrarlegt mat á skólunum

Starfshópurinn hefur fengið greiningu og samanburð fræðslustjóra á tímamagni skólanna. Þar kemur fram það mat að tímamagn sé eðlilegt og engin óeðlileg frávik sé borið saman við starf annarra skóla. Það er álit starfshópsins að vel sé haldið um almennan rekstur og fjárhagsáætlunum fylgt. Samkvæmt Árbók Sveitarfélaga 2013 sem og Skólaskýrslu sambandsins 2013 má sjá að rekstrarkostnaður skólanna á Skagaströnd stenst vel samanburð við skóla nágranna sveitarfélaganna. Starfshópurinn vill leggja meiri vinnu í rekstrarþáttinn og fá formlegri samanburð á þessum þáttum.

Sameining skólanna

Auk viðræðna við fræðslustjóra, skólastjóra grunn –og leikskóla og formann skólanefndar hefur verið aflað upplýsinga með samtölum við sveitafélög sem hafa sameinað skólastarf sitt eða eru að skoða að fara þá leið. Einnig hefur verið aflað upplýsinga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í samantekt frá Sambandinu er talað um að helsti ávinningur af samrekstri skóla geti verið

- Samræmd fagleg uppbygging
- Aukin skilvirkni í stjórnun
- Hagræðing í rekstri

Það er mat starfshópsins, fræðslustjóra, skólastjóranna og formanns skólanefndar að rétt sé að vinna áfram með þetta mál og að margt bendi til að sameining geti verið skynsamleg.

Hjallastefnan

Í umræðum um skólastarf á Skagaströnd kom fram að áhugavert væri að kynna sér aðrar leiðir í skólastarfi. Samþykkt var að óska eftir því við Margréti Pálu Ólafsdóttir fræðslustjóra Hjallastefnunnar að hún héldi kynningarfund fyrir íbúa Skagastrandar. Var boðað til íbúafundar 19.september s.l. Góð mæting var á fundinn og kynnti Margrét Pála þar hvað Hjallastefnan gæti gert fyrir Skagaströnd.

Það er mat starfshópsins að margt áhugavert sé að finna í starfi og stefnu Hjallastefnunnar sem gæti styrkt skólastarf á Skagaströnd. Það er líka mat hópsins að margir foreldrar hafi áhuga á að Hjallastefnan verði innleidd á Skagaströnd. Skólastjórnendur hafa hinsvegar efasemdir um ákveðna hluta stefnunnar, þótt margt sé þar áhugavert. Starfshópurinn vill skoða þetta mál frekar m.a. með samtölum við skólafólk og sveitarstjórn Tálknafjarðar sem innleitt hefur Hjallastefnuna þar í bæ. Einnig með viðræðum við Margréti Pálu þar sem aflað verði frekari upplýsinga um m.a. kjaramál kennara og kostnað sveitarfélagsins ef ákveðið yrði að taka upp þessa skólastefnu. Ef frekari vinna og upplýsingaöflun skilar jákvæðum niðurstöðum telur starfshópurinn rétt að kalla eftir skoðunum foreldra og starfsmann skólans á upptöku Hjallastefnunnar.

Adolf H. Berndsen

Péturína L. Jakobsdóttir

Halldór G. Ólafsson